

Tíu litlir hundar

Það liggur öskuhrúga í brekkunni þar sem hundurinn brann.
Eldurinn sem varð honum að bana átti upptök sín í tungunni.
Hann var orðinn svo uppgefinn á því að segja bara voff voff ...

Annað hundkvikindi – sennilega af viðkvæmara kyni – er haldinn
öslökkvandi þrá eftir ilmandi nýmjólk.
Endemis barnaskapur! segir hann við sjálfan sig í gamansömum tón
og sópar hugmyndinni burt með rófustubbum.
En það er lítið gagn að því.
Draumurinn um mjólkina svifur þarna enn, liggur í loftinu
eins og raunamætt trýni, eins og tvö sárhrygg augu.

Þriðji hundur er ekki til. Það er hans vandamál.
Í þessari fílu stöðu er hann með alls kyns stæla: hoppel jafnfætis,
bitur í rófunu á sér, fer með sjálfan sig í göngutúr og svo framvegis.
Einn daginn þegar hann er í miðju virkilega velheppnuðu hoppi – gerist
nokkuð óútskýranlegt. Hann er Uppgötvaður!
Það gerði veiðimaðurinn vaski o. s .frv. (og það var örugglega ekki hann
sem varð fyrir minnstum vonbrigðum).

Fjórdi hundur er gjörsneyddur allri ratvísi. Hann hleypur út um víðan völl
í einhverju ódagoti, villist endalaust og krafsar í vitlausar hurðir.
Getur verið að það sé útaf blóðsugunum sem hafa bitið sig fastar
í brjóstid á honum?

Fimmti hundur – hvað heitir hann aftur?
Hann veit það ekki. Biður samt eftir því á hverjum degi
að kallað sé á hann.
Ó að einhver kalli nú á mig – bara einu sinni, hugsar hann.
Þá skuldi þið sjá!
Hann urrar og er í versta skapi. Neitar að éta.
Eigandi hans stendur ráðalaus með safarík bein, inniskó, sykurmola.
Snati minn, biður hún, komdu kallinn. Snati!
En vesalings Snati er svo heltekinn af eigin hugmynd
að hann hvorki heyrir né sér.

Sjötti hundur er strangt tiltekið ekki hundur lengur, heldur úfin motta
fyrir framan sjónvarpstækið – þar getur litla barnið togað úr honum heilu
flygsurnar, frúin mörbankað úr honum rykið og mölina, og þar stendur
húsbóndinn sjálfur liðsforinginn, þegar hann skipar gestum sínum
(samkvæmt reglugerð um útsýni af tólfstu hæð) út á yfirbyggðu svalirnar.
Hvernig getur skinnið látið svona niðurlægingu yfir sig ganga?
Getur hugsast að hafa megi leynda nautn af þessu?
Er þetta kannski kristinn hundur?
Á hann ef til vill ekkert val?

Sjöundi hundur er feitur og virðist þrífast vel. Samt er eins og sé einhver
maður í mysunni, einn bak við hvort eyra, í nefinu og naflanum og
öllum litlu leyndu krikunum sem honum hafa verið gefnir í staðinn fyrir
hnúa og olnboga.
Dýralæknir skoðar hann en kemst ekki að neinni niðurstöðu.
Sennilega er hann bara á stöðugum batavegi, segir hann kampakátur,
og kylir hvutta hressilega í litla ístruhjartað.

Áttundi hundur á enga óvini.
Hann heldur því fram að engir óvinir séu til yfirhöfuð.
Þó heimurinn logi í styrjöldum geti það allt eins stafað af árstímanum,
hitastiginu eða hreyfingu atómanna.
Vökvinn sem drekkir heiminum á enga sök á því, vill hann meina.
Og kallar hann hjartablóð.

Níundi hundur klýfur þann tíunda í tvennt.
Það er niðdimm nótt.
En tíundi hundur hefur neista í feldi sínum
sem engin leið er að slökkva.